



24.01.2023

AUKNING Í FYRIRHUGUÐUM ÚTBOÐUM


Áætluð heildarupphæð í fyrirhuguðum útboðum þeirra opinberu aðila sem taka þátt á Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins 2023 nemur á þessu ári samtals 173 milljörðum króna. Það er talsverð aukning frá því sem sömu aðilar áætluðu að yrði boðið út á árinu 2022. Gerðu þeir ráð fyrir að um 108 milljarðar yrðu boðnir út og nemur aukningin því rúmum 60% á milli ára, eða um 65 milljörðum. Rétt er að taka fram að verkefni sem fara í útboð á árinu geta komið til framkvæmda á næstu árum.

Á þinginu kemur einnig fram áætluð fjárfesting í framkvæmdum opinberra aðila sem nemur 131 milljarði á árinu 2023 sem er um 12 milljörðum meira en áætlað var fyrir árið 2022. Með fjárfestingu er átt við þær framkvæmdir sem verður ráðist í á viðkomandi ári. Fyrirhuguð fjárfesting í framkvæmdum á árinu 2022 nam 119 milljörðum en nýjar tölur gefa til kynna að þessir sömu aðilar hafi fjárfest á árinu fyrir um 96 milljarða, sem er 23 milljörðum minna en fyrirhugað var í upphafi árs 2022.

Gangi áætlanir þessara opinberu aðila eftir er ljóst að framkvæmdir þeirra munu aukast í ár eftir samdrátt á síðasta ári. Aukin útboð á milli ára eru einnig vísbending um metnaðarfull áform á þessu sviði. Að mati Samtaka iðnaðarins er mikilvægt að fjárfesting í efnahagslega mikilvægum innviðum sé næg og viðhaldi þeirra sinnt en með því er rennt stoðum undir hagvöxt framtíðarinnar. Ofangreind aukning í fjárfestingum og útboðum er því jákvætt framlag til hagvaxtar bæði á þessu ári og litið til framtíðar.

Útboð og fjárfesting

Í milljörðum kr.



TALSVERÐ AUKNING Í FYRIRHUGUÐUM ÚTBOÐUM Á MILLI ÁRA

Umfangsmestu útboð þessa árs boða Landsvirkjun, Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) og Vegagerðin. Landsvirkjun fyrirhugar útboð fyrir 46 milljarða á þessu ári en á síðasta ári námu raunútboð Landsvirkjunar um 700 milljónum. Útboðin í ár eru m.a. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Hvammsvirkjun og Búrfellslund á Þjórsársvæðinu. Einnig er um að ræða útboð vegna undirbúnings fyrir stækkun Þeistareykjastöðvar og niðurdælingu á jarðhitagösum á Þeistareykjum.

FSRE stefnir nú á að bjóða út verkefni fyrir um 35 milljarða á árinu, en það er nærri tvöfalt meira en fyrirhugað var á síðasta ári þegar áætlanir gerðu ráð fyrir að verkefni fyrir um 19 milljarða yrðu boðin út. Um er að ræða nýframkvæmdir fyrir ríflega 31 ma.kr. og viðhald og endurbætur fyrir um 3,7 ma.kr. eru 17 ma.kr. af þessum útboðum á sviði dómsmálaráðuneytisins og tæplega 9,6 ma.kr. á sviði heilbrigðisráðuneytisins. Þegar tölur um raunútboð síðasta árs eru skoðaðar má sjá að upphæð útboða FSRE nam aðeins 8,5 milljörðum sem er um 45% af því sem var fyrirhugað að bjóða út í upphafi síðasta árs.


Vegagerðin áformar útboð fyrir um 35 milljarða á árinu sem er lækkun frá fyrirhuguðum útboðum á síðastliðnu ári en þá fyrirhugaði stofnunin að bjóða út verkefni fyrir um 38 milljarða 2022. Ekki nema um helmingur þeirra útboða sem fyrirhuguð voru í upphafi síðasta árs raungerðust á árinu eða sem nemur 19 milljörðum. Einnig voru framkvæmdir á síðasta ári minni er boðað var af hálfu stofnunarinnar á því ári. Að mati stofnunarinnar mun draga úr fjárfestingum og viðhaldi á vegakerfinu á þessu ári litið til síðastliðins árs. Viðhaldsframkvæmdir eru á þessu ári áætlaðar undir metinni þörf kerfisins og samdráttur í nýfjárfestingum er umtalsverður á milli ára. Að mati Samtaka iðnaðarins er það áhyggjuefni en mikil uppsöfnuð þörf er fyrir verkefni á þessu sviði og ljóst að niðurskurður og ónægt viðhald mun koma niður á hagvexti litið til framtíðar.

Aðrir opinberir aðilar boða umfangsmeiri útboð á árinu en þar má nefna Nýja Landspítalann (NLSH) sem hyggst bjóða út fyrir 16 milljarða á árinu, samanborið við 8 milljarða á síðasta ári. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fyrirhugar útboð fyrir rúma 13 milljarða og Landsnet sömuleiðis. Útboðsframkvæmdir einstakra sveitarfélaga eru í uppbyggingu og endurbótum húseigna, íþróttamannvirkjum, gatnasvæðum og í veitumálum. Landsnet hyggst m.a. bjóða út ný tengivirki, breytingar á loftlínunum og lagningu jarðstrengja.

Þá boðar Reykjavíkurborg útboð fyrir um 9 milljarða á komandi ári sem er talsvert lægri upphæð en fyrir ári síðan þegar fyrirhuguð útboð töldu 27 milljarða. ISAVIA gera ráð fyrir að bjóða út verk fyrir 5 milljarða á árinu 2023. Veitur, sem einnig taka þátt í Útboðsþingi SI 2023, gefa ekki upp hve umfangsmikil útboð þeirra á árinu 2023 verða.

Fyrirhuguð útboð opinberra aðila 2022 og 2023

Í milljörðum kr.



ÁÆTLANIR GERA RÁÐ FYRIR AUKINNI FJÁRFESTINGU

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) boða umfangsmestu framkvæmdirnar á þessu ári. Áætla sveitarfélögin að fjárfesta fyrir 24,5 milljarða sem er umtalsverð aukning frá því í fyrra ef áætlanir ná fram að ganga en fyrir árið 2022 var gert ráð fyrir að fjárfest yrði fyrir ríflega 14 milljarða. Meðal þess sem er í áætlunum sveitarfélaganna fyrir árið er gatnagerð á nýjum íbúða- og iðnaðarsvæðum, endurbætur á skólahúsnæði og margvíslegar framkvæmdir tengdar vatns- og fráveitu og stofnlögnum svo fátt eitt sé nefnt.


Vegagerðin boðar nú framkvæmdir fyrir 23 milljarða en það er í takti við áætlanir síðasta árs þegar áformað var að ráðast í framkvæmdir fyrir tæpa 26 milljarða á árinu 2022. Af fjárheimildum stofnunarinnar fyrir árið í ár eru 13,6 milljarðar til nýframkvæmda og 9,5 milljarðar til viðhaldsverkefna. Á árinu mun vinna við tvöföldun Reykjanesbrautar halda áfram sem og vinna við Arnarnesveg og víða um land eru minni styrkingar- og endurbótaverkefni auk stærri samvinnuverkefna líkt og framkvæmdir við brú yfir Ölfusá við Selfoss og Axarveg um Öxi sem er í lokahönnun.

NLSH fyrirhugar að bæta verulega í fjárfestingu á milli ára en boðuð fjárfesting í framkvæmdum á árinu nemur 20 milljörðum samanborið við 10,5 milljarða sem áætlað var að fjárfesta fyrir í fyrra. Jarðvinna og uppsteypa á húsi Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands auk gatna-, veitna- og lóðagerð við Hringbraut er meðal þeirra verkefna sem ráðist verður í á árinu.

Reykjavíkurborg boðar talsverðan samdrátt á milli ára en áætlanir þessa árs gera ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 19 milljarða á árinu á meðan áætluð fjárfesting fyrir síðasta ár nam rúmum 32 milljörðum. Veitur boða aukningu á milli ára en þeirra áætlanir gera ráð fyrir fjárfestingu upp á 15,5 milljarða, hvar fjárfestingar í raf- og hitaveitu verða umfangsmestar, en fyrirhuguð fjárfesting síðasta árs nam rúmum 10 milljörðum.

Áætluð fjárfesting 2022 og 2023

Í milljörðum króna



Landsnet ráðgerir að fjárfesta fyrir 11 milljarða á árinu sem er aukning um tæpa 4 milljarða á milli ára. Þá áætla ISAVIA fjárfestingu fyrir tæpa 11 milljarða sem er samdráttur um rúma 4 milljarða á milli ára. Þeirra framkvæmdir snúa meðal annars að byggingarframkvæmdum við flugstöðina í Keflavík og uppbyggingar- og viðhaldsverkefnum við innanlandsflugvelli. Áætlanir Landsvirkjunar gera ráð fyrir fjárfestingu upp á rúma 7 milljarða á árinu sem er nokkur aukning frá árinu áður þegar fyrirhugaðar fjárfestingar þess árs námu 3 milljörðum. Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar á árinu tengjast m.a. stækkun jarðvarmastöðvar á Þeistareykjum, vinnu við Hvammsvirkjun auk annarra viðhalds- og endurbótarverkefnum víða um land.

	Fyrirhuguð útboð 2022	Fyrirhuguð útboð 2023	Áætluð fjárfesting 2022	Áætluð fjárfesting 2023
Landsvirkjun	0	46,0	3,1	7,2
FSRE	18,8	35,1	-	-
Vegagerðin	38,0	35,0	25,8	23,0
NLSH	8,0	16,0	10,5	20,0
SSH	-	13,4	14,3	24,5
Landsnet	10,1	13,4	7,3	11,0
Reykjavík	26,7	9,1	32,4	18,9
ISAVIA	5,9	5,0	15,0	10,8
Veitur	-	-	10,2	15,5
Samtals	107,5	173,2	118,6	130,9

- Auðir reitir merkja að gögnum hafi ekki verið skilað